


Criterion á Glerártorgi - Hjólreiðahelgi Greifans 2018

Efnisyfirlit

1. Brautin
2. Ræsing
3. Barnaflokkar
4. Junior og Fullorðinsflokkar
5. Reglur

1 - Brautin



Brautin var mæld 825 metrar. Hjólaður er hægri

2 - Ræsing og afhending gagna

Skráning og afhending keppnisgagna hefst 8:30. Gögn fyrir barnahópa verða afhent þangað til rétt áður en þeir hefja keppni.

Afhending í Junior og Fullorðinshópum er þangað til að seinni barnahópur hefur lokið keppni (15 mínútum fyrir ræsingu)

Fyrri barnahópur verður ræstur klukkan 9:00.

6-8 ára og 9-10 ára verða ræst saman.

Seinni barnahópur verður ræstur eins fljótt og hægt er eftir að fyrri hópur klárar.

Junior og Fullorðinsflokkar verða ræstir 15 mínútum eftir að seinni barnahópur klárar.

Junior og Fullorðsinshópar karla og kvenna verða ræstir saman í braut.

Keppnisgjald er 1000kr í netskráningu, 1500kr á staðnum.

3 - Barnaflokkar

Undantekningarlaus hjálmaskylda eru í öllum barnaflokkum.

Leikskólaaldur . Börn fædd 2013-2018

Bæði sparkhjól og reiðhjól leyfileg. Hjóla stuttann hring á planinu við Glerártorg. Æskilegt að foreldrar hlaupi með hringinn.

Frítt fyrir börn á leikskólaaldri. Engin skráning fyrir leikskólaaldur. Ekki númer eða tímataka.

Barnaflokkar:

6-8 ára (2010-2012) - Hjóla 1 hring

9-10 ára (2008-2009) - Hjóla 2 hringi

11-12 ára (2006-2007) - Hjóla 3 hringi - Ljósblá hringjatalning

13-14 ára (2004-2005) - Hjóla 4 hringi - græn hringjatalning

15-16 ára (2002-2003) - hjóla 5 hringi - bleik hringjatalning

Keppnisstjórn verður með spjöld við ráslínu þar sem börnin geta séð hvað eru margir hringir eftir. Börnin þurfa bara að muna litinn sinn.

6-12 ára fá þáttökupening. Tímataka verður inn á Timataka.net en ekki verða veitt sérstök verðlaun fyrir sæti. Keppendur fá númer til eignar.

13-14 og 15-16 ára, verðlaun veitt fyrir fyrstu 3 sæti karla og kvenna í hvorum flokk. Tímataka verður inn á Timataka.net

Keppnisgjald 500kr - Skráning á staðnum og á netinu.

4 - Junior og Fullorðins flokkar:

Karlaflokkur:

Junior (17-18 ára) og fullorðnir - Hjóla í 60 mínútur. Eftir 60 mín verða hjólaðir tveir hringir til viðbótar.

Ljósblá spjöld tilkynna 2 hringi og 1 hring.

Séu menn hringaðir af keppenda í sama flokk eru þeir úr leik. (sjá undantekningu vegna bilana að neðan)

Kvennaflokkur:

Junior (17-18 ára) og fullorðnir - Hjóla í 45 mínútur. Eftir 45 mín verða hjólaðir tveir hringir til viðbótar.

bleik spjöld tilkynna 2 hringi og 1 hring.

Séu konur hringaðar af keppenda í sama flokk eru þeir úr leik. (sjá undantekningu að neðan)

5 - Reglur

1. Hjálmaskylda er í öllum flokkum.
2. Keppandi sem er hringaður af aðila í sama flokk ber að hætta keppni. Hann klárar þann hring sem hann er á, fer yfir ráslínu og tilkynnir keppnisstjóra að hann sé hættur. Muna að skila tímatökufloðu.
3. Aðilar sem eru saman í braut mega drafta hvort annað, óháð flokkum.
4. Keppandi sem lendir í óhappi, slysi, hjólreiðabilun eða sprengir dekk má viðkomandi fara á viðgerðarsvæði við rásmark og tilkynna dómara bilun. Dómari getur þá gefið keppanda leyfi til þess að sleppa allt að tveimur hringjum og halda áfram. Telst hann þá vera á sama hring og aðrir keppendur í sama flokk og má taka þátt í endasprett.
5. Öll hjól eru leyfð nema TT hjól og Rafhjól. Götu hjól eru æskileg..